

Allsherjar- og menntamálanefnd  
Alþingi, Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2023

**Umsögn Foreldrajafnréttis um frumvarp til laga um barnalög (réttur til umönnunar), 79. mál.**

Nú hafa sjö þingmenn úr stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu lagt fram frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (réttur til umönnunar). Lögð er til sú breyting á lögnum að við 2. mgr. 28. gr. laganna bætist málslíðurinn: „Veikt eða slasað barn skal eiga rétt á umönnun foreldra.“ Í greinargerð frumvarpsins segir að réttur þessi sé í raun þegar til staðar en komi hvergi beint fram í lögum.

Félag um foreldrajafnrétti telur að með því að nota hugtakið „foreldri“ eingöngu um forsjárforeldra, sbr. greinargerð frumvarpsins, séu þingmennirnir að brjóta gegn Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn), en samningurinn var lögfestur á Alþingi með lögum nr. 19/2013. Vísar félagið þá sérstaklega til 2., 3., 5., 9. og 18. gr. alþjóðasamningsins.

Þá er hugtakanotkun í frumvarpinu ekki í samræmi við hefðbundna orðnotkun í íslensku máli og lögum á orðinu foreldri. Skráning á því hverjir teljast foreldri byggir m.a á fæðingartilkynningum, faðernisviðurkenningum, og dómum um faðerni. Skráningin byggir ekki á forsjá.

Félag um foreldrajafnrétti leggur því til að lagafrumvarpinu verði breytt þannig að ekki verði um villst að foreldrar án forsjár falli undir orðið „foreldrar“ í 2. mgr. 28. gr. nýrra laga verði þau samþykkt.

Vilji félagsins er að skýrt verði í athugasemdum við frumvarpið að hugtakið „foreldrar“ nái til beggja foreldra, því allir foreldrar eiga rétt til umgengni við börn síns samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, hvort sem þeir fara með forsjá eða ekki. Kemur þessi réttur einnig fram í barnalögum nr. 76/2003.

Afar mikilvægt er að nýtt ákvæði 2. mgr. 28. gr. barnalaga verði ekki túlkað þannig í framkvæmd að það nái aðeins til foreldra sem búa á lögheimili barna eða fara með forsjá, því umgengnisréttur barna og foreldra er óháður forsjá og lögheimili og sjálfstæður réttur. Þannig eru mörg börn í ríkri umgengni við báða foreldra sína, jafnvel jafnri umgengni, þótt þeir deili ekki forsjá.

Félagið áréttar mikilvægi þess að réttindi sem tengjast frumvarpinu nái til foreldra án forsjár. Flutningsmenn frumvarpsins telja að réttur barna til umönnunar foreldra sé þegar fyrir hendi en þrátt fyrir það átta þeir sig ekki á að rétturinn nær einnig til umgengnisforeldra. Í ljósi þessa væri breytingin, sem félagið leggur til, sérlega vel til þess fallin að styrkja réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sinna.

F.h. Foreldrajafnréttis,

  
Hilmar G. Þorsteinsson  
lögmaður

Hilmar G. Þorsteinsson lögmaður